

Miðvikudaginn 3. apríl 1957.

Nr. 65/1956. Ísfell h/f (Gústaf Ólafsson hdl.)

gegn

Helga Guðmundssyni og gagnsök

(Geir Hallgrímsson hdl.).

Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannes-son prófessor.

Riftun samnings og endurheimt kaupverðs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum í gagnsök í héraði kr. 47.850.00, $\frac{1}{3}\%$ af kr. 35.000.00 í þóknun og kr. 70.00 í stimpilgjald ásamt 6% ársvöxtum af dæmdum fjárhæðum frá 1. marz 1951 til greiðsludags gegn afhendingu umsaminna steinbíts- og hlýraroða. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. júní 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hefur hann uppi þær kröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum í aðalsök í héraði kr. 90.225.99 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1952 til greiðsludags, en að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði. Svo krefst hann og, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um málskostnað í aðalsök í héraði og að honum verði einnig dæmdur málskostnaður í gagnsök í héraði. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Viðskipti aðilja máls þessa hófust með því, að í ársbyrjun 1948 æskti gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi, sem m. a. rak bátaútveg á Flateyri, seldi honum steinbíts- og hlýraroð, sem til féllu á næstu vertið. Aðaláfrýjandi veitti vilyrði fyrir sölu roðanna, án þess að um það væri þá þegar gerður samningur. Aðaláfrýjandi hafði árið áður verkað steinbitsroð og

selt þau bróður gagnáfrýjanda. Kveður framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda, að svo hafi talast til milli sín og gagnáfrýjanda, að roð þau, sem gagnáfrýjandi falaðist eftir, skyldu verkuð að mestu með sama hætti og árið áður. Aðaláfrýjandi lét síðan verka þau steinbits- og hlýraroð, sem til féllu af veiði í febrúar-júní 1948. Sumarið 1948 afhenti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda fyrirmæli um verkun og stærðarflokkun roðanna, er prentuð höfðu verið í júní 1948. Eru ákvæði þessara fyrirmæla um verkun og gæði roðanna í aðalatriðum hin sömu og í prentuðum fyrirmælum frá 1947, sem aðaláfrýjandi virðist hafa lagt til grundvallar við verkun roðanna það ár, en hins vegar eru ákvæði um stærðarflokkun með öðrum hætti.

Hinn 9. september 1948 var framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda staddur á Ísafirði. Var þá endanlega samið um roðakaupin, en þó ekki gerður skriflegur samningur. Efni hins munnlega samnings var í aðalatriðum það, að aðaláfrýjandi lofaði að afhenda tiltekna tölu steinbitsroða í tveimur stærðarflokkum samkvæmt hinum prentuðu fyrirmælum frá 1948 og auk þess tiltekna tölu hlýraroða. Um gæði og verkun roðanna skyldi og fara eftir hinum prentuðu fyrirmælum frá 1948, en þar segir m. a.: „Engar rispur eða skurðir mega vera á roðunum. Roðin verða að vera vandlega hreinsuð, enginn fiskur, blóð, slor eða önnur óhreinindi mega vera í roðunum, þegar þau eru lögð í saltið. Roðin á að þurrsalta með hreinu salti, og gæta verður þess að breiða sem bezt úr þeim, þannig að þau liggi hvergi samanbrotin“. Sams konar ákvæði um verkun og gæði voru í hinum prentuðu fyrirmælum frá 1947. Um verð á hinum seldu roðum í heild eru aðiljar ekki að öllu leyti sammála. Gagnáfrýjandi kveður það hafa verið kr. 107.637.50. Samkvæmt reikningi aðaláfrýjanda, er hann lagði fram í málinu, nam hins vegar magn og verð hinnar seldu vöru því, sem hér segir:

93750 síður steinbitsroð, 70 cm og yfir,	Kr. 93750.00
20500 „ „ 60-70 cm	„ 17425.00
825 heil hlýraroð	„ 2475.00

Alls 115075 stk. fyrir kr. 113650.00

Um leið og kaupin voru fastráðin hinn 9. september 1948, greiddi gagnáfrýjandi kr. 50.000.00 upp í andvirði roðanna. Jafnframt lofaði aðaláfrýjandi að geyma roðin fyrir gagnáfrýjanda endurgjaldslaust um óákveðinn tíma, en þó svo, að þau væru í ábyrgð gagnáfrýjanda.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi haldið því fram, að kaupin hafi verið bundin því skilyrði af sinni hendi, að aðaláfrýjandi léti honum í té matsvottorð um roðin. Framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda hefur andmælt því, að slíkt skilyrði hafi verið sett í upphafi, en hann kveðst í samtali við gagnáfrýjanda í marzmánuði 1949 hafa lofað honum matsvottorði. Telur hann sig hafa nokkrum dögum síðar sent gagnáfrýjanda í almennu bréfi matsvottorð Sveins Kr. Jónssonar fiskimatsmanns, dags. 30. nóvember 1948, en það bréf kveðst gagnáfrýjandi aldrei hafa fengið í hendur. Í bréfi til aðaláfrýjanda, dags. 28. júní 1949, mæltist gagnáfrýjandi til þess, að honum yrði sent matsvottorð samkvæmt áður gefnu loforði, enda kvaðst hann þá vera orðinn í vafa um, að gæði roðanna svari til þess, sem um var samið. Er aðaláfrýjandi sinnti þessu ekki, krafðist gagnáfrýjandi þess margsinnis að fá matsvottorðið, unz aðaláfrýjandi lét honum í té afrit af greindu matsvottorði Sveins Kr. Jónssonar. Kveðst gagnáfrýjandi hafa fengið það í hendur hinn 5. desember 1949. Matsvottorð þetta er svohljóðandi:

„Undirritaður fiskimatsmaður hefir metið steinbítsroð fyrir Ísfell h.f., Flateyri, samkvæmt útgefnum lista frá Haf-túna h.f. og Fiskroð h.f., Reykjavík. Reyndist þetta vera 93750 síður steinbítsroð nr. 1 og 20500 síður nr. 2 og enn fremur 825 stykki heil hlýraroð. Öll roðin litu vel út og reyndust góð vara.

Flateyri, 30. nóvember 1948

Sveinn Kr. Jónsson“.

Það er óumdeilt í málinu, að „listi“ sá, sem fiskimatsmaðurinn kveðst hafa metið roðin eftir, er hin prentuðu fyrirmæli frá júní 1948, sem fyrr var getið.

Um sama leyti og aðaláfrýjandi kveðst hafa lofað matsvottorðinu, greiddi gagnáfrýjandi honum til viðbótar kr. 50.000.00 upp í andvirði vörunnar, þannig að hann gaf út

eiginvixil, dags. 1. apríl 1949, sem seldur var útibúi Landsbankans á Ísafirði, en andvirðið rann til aðaláfrýjanda. Af vixli þessum greiddi gagnáfrýjandi afborgun, kr. 10.000.00, hinn 8. marz 1950 og aðra afborgun, kr. 5000.00, hinn 2. september 1950. Vexti af vixli þessum greiddi gagnáfrýjandi til 1. marz 1951, en þá tók aðaláfrýjandi að sér greiðslu eftirstöðvanna, kr. 35.000.00.

Eftir að gagnáfrýjandi fékk matsvottorðið í hendur hinn 5. desember 1949, hafði hann í hyggju að láta fara fram skoðun á roðunum af sinni hendi, en hófst þó ekki handa um það fyrr en 6. september 1950, er sýslumaður skipaði samkvæmt beiðni hans tvo menn til að meta steinbítsroðin. Hinn 14. nóvember sama ár skipaði sýslumaður einn matsmann til viðbótar. Matsgerð þessara þriggja matsmanna er dagsett 15. desember 1950. Höfðu þeir þá metið 24 roðapakka af um 460 pökkum alls, en 250 roð áttu að vera í hverjum pakka. Hinir metnu pakkar höfðu allir verið merktir sem I. stærðarflokkur, þ. e. roð, sem voru að lengd 70 sm eða meira. Samkvæmt matinu komu úr pökkum þessum 1018 roð, sem töldust til I. flokks, 1015 roð, sem hæf voru í II. flokk, en 3921 roð fóru í úrkast. Kveða matsmennirnir roðin yfirleitt hafa verið mjög böggluð og samanbrotin, mörg þeirra rifin, stungin og hrufluð og með meira eða minna af fiski innan í. Þá hafi og yfirleitt verið mikið slor á roðunum. Hins vegar hafi þau verið nægilega söltuð og þolað geymsluna vel.

Pegar gagnáfrýjandi hafði fengið í hendur skýrslu um matið, ritaði hann aðaláfrýjanda bréf, dags. 19. desember 1950, þar sem hann lýsir því, að hann telji vöruna algerlega ósamningshæfa og að hann geymi sér rétt til að rifta kaupunum, krefjast endurgreiðslu á andvirði vörunnar og greiðslu alls kostnaðar. Þessu andmælti aðaláfrýjandi í bréfi til gagnáfrýjanda, dags. 25. febrúar 1951. Í máli þessu er það sammæli málsaðilja, að miða beri við, að riftunarkrafa hafi fram komið í nefndu bréfi gagnáfrýjanda frá 19. desember 1950.

Með bréfi, dags. 21. marz 1951, krafði lögmaður gagnáfrýjanda aðaláfrýjanda um endurgreiðslu á kr. 65.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Þessu sinni aðaláfrýjandi ekki,

en hinn 8. maí 1951 voru samkvæmt beiðni hans dómkvaddir 4 yfirmatsmenn til að meta roðin. Frestuðust aðgerðir, meðan beið var eftir yfirmatinu, en í marz 1952 hætti aðaláfrýjandi endanlega við að láta yfirmat fram fara. Í stað þess fékk hann dómkvadda tvo undirmatsmenn hinn 5. apríl 1952 til að meta vöruna. Höfðaði þá gagnáfrýjandi mál það, sem hér er til úrlausnar, með stefnu 16. apríl 1952. Aðaláfrýjandi höfðaði gagnsök í málinu með gagnstefnu 24. júní 1952.

Matsgerð matsmanna þeirra, sem dómkvaddir voru hinn 5. apríl 1952, er dagsett 5. september sama ár. Niðurstaða þeirra er sú, að söluhæf hafi reynzt 99750 steinbítsroð. Þar af séu 61250 roð í I. stærðarflokki, en 38500 í II. stærðarflokki. Þá eru og metin gild 331 heil hlýraroð og 176 stakar síður hlýraroða. Afgangur roðanna, um 14800 að tölu, hafa samkvæmt þessu farið í úrkast. Við mat þetta er þó það að athuga, að við framkvæmd þess fékk aðaláfrýjandi tækifæri til að bæta úr göllum á roðum, svo sem með því að hreinsa úr þeim fisk og slor, og voru þau síðan tekin gild af matsmönnum og talin með hinum söluhæfu roðum. Gizkar annar matsmaðurinn á, að þannig hafi verið hreinsuð um 2500-3000 roð. Þegar matsmennirnir komu fyrir dóm, lýsti annar þeirra því, að roðin hafi verið mjög böggluð og samanbrotin í pökkunum, og þeir eru sammála um, að helztu gallar hafi verið gogggöt, skurðir, rispur, undirmál og slor.

Sveinn Kr. Jónsson, sem gaf fyrrgreint matsvottorð frá 30. nóvember 1948, var á því ári fastráðinn verkstjóri hjá aðaláfrýjanda. Þegar hann kom fyrir dóm, lýsti hann því, „að hann hafi ekki metið steinbítsroð þau, sem um ræðir, enda þótt svo standi í vottorði hans . . . heldur hafi hann aðeins látið telja þau og pakka“. Síðar skýrði hann nánar svo frá, að hann hafi ekki sjálfur handfarið roðin, heldur gefið starfsfólki fyrirmæli um val þeirra og verkun og treyst því, að þeim fyrirmælum yrði hlýtt.

Með matsgerðum þeim, sem að framan greinir, er leitt í ljós, að umrædd vara hefur verið svo stórlega gölluð, þegar samningur var gerður, að mjög hefur á það skort, að hún svaraði að gæðum til þess, sem um var samið. Var gagnáfrýjanda því heimilt að rifta samningnum samkvæmt á-

kvæðum 43. gr. laga nr. 39/1922. Aðaláfrýjandi hefur m. a. stutt sýknukröfu sína við það, að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert riftunarheimild með því að bera ekki fyrir sig í tæka tíð, að vörunni væri ábótavant, sbr. 52. og 54. gr. greindra laga. Í málinu hafa verið leiddar sönnur að því, að við verkun og flokkun roðanna var ekki gætt fyrirmæla þeirra, sem lögð voru til grundvallar við söluna, en gagnáfrýjanda hins vegar afhent rangt matsvottorð, gefið út af starfsmanni aðaláfrýjanda, sem hann ber ábyrgð á. Þar sem svo var ástatt, verður gagnáfrýjandi ekki talinn hafa glatað riftunarheimild sinni, sbr. niðurlagsákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922. Ber því að taka riftunarkröfuna til greina.

Samkvæmt framansögðu á gagnáfrýjandi rétt til að fá endurgreitt úr hendi aðaláfrýjanda fé það, sem hann hefur greitt upp í andvirði vörunnar, ásamt vöxtum. Vextir frá 9. september 1948 til 1. apríl 1952 eru innifaldir í aðaldómkröfu hans. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda kr. 65.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 9. september 1948 til 1. apríl 1949, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1949 til 1. marz 1951 og af kr. 65.000.00 frá 1. marz 1951 til greiðsludags.

Að því er tekur til annarra liða í dómkröfu gagnáfrýjanda, sem raktir eru í héraðsdómi, þá ber að sýkna aðaláfrýjanda af 2. og 6. kröfulið svo og kröfu um vaxtavexti og stimpilgjald. Við ákvörðun málskostnaðar verður höfð hliðsjón af öðrum kröfuliðum.

Eftir þessum úrslitum ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraði fór fram munnlegur málflutningur 8. og 13. desember 1954. Eftir það fór fram vitnaleiðsla á Ísafirði hinn 17. febrúar 1955. Hinn 15. júní 1955 var málið endurupptekið og dómsgerðir í vitnamáli þessu lagðar fram. Hinn 2. september 1955 var málið enn upp tekið, og veitti þá dómari málflutningsmönnum aðilja kost á að flytja málið af nýju, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 120. gr. laga nr. 85/1936, en þeir töldu þess ekki þörf. Þar sem svo stóð á og málið

liggur nú fyrir fullreifað, þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn, en vita ber drátt þann, sem orðið hefur á dómsuppsögu í héraði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ísfell h/f, greiði gagnáfrýjanda, Helga Guðmundssyni, kr. 65.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 50.000.00 frá 9. september 1948 til 1. apríl 1949, af kr. 100.000.00 frá 1. apríl 1949 til 1. marz 1951 og af kr. 65.000.00 frá 1. marz 1951 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

**hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar
og Jóns Ásbjörnssonar.**

I. Um form málsins.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fram í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 8. og 13. desember 1954. Hinn 28. sama mánaðar kvað dómurinn upp úrskurð um öflun nýrra gagna í málinu. Fór því næst fram vitnaleiðsla á aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 17. febrúar 1955. Endurrit af vitnaleiðslu þessari ásamt 2 skjölum öðrum sendi málflutningsmaður aðalstefnanda formanni sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur með bréfi 22. s. m. Verður ekki séð, að nú hafi neitt gerzt í málinu fyrr en 15. júní 1955, að þingað var í því í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur og skjöl þessi lögð þar fram. Er þá bókað, að lögmenn aðilja hafi endurtekið kröfur þær, er uppi voru hafðar við flutning málsins 8. og 13. desember 1954, en eigi hafi þeir óskað að reifa málið frekar og dómendur eigi talið þess þörf. Við framangreinda vitnaleiðslu hafði þó atriði verið leitt í ljós, sem

miklu skipti fyrir úrslit málsins. Virðist hafa verið full ástæða til frekari reifunar málsins af þeim sökum auk þess, að röskir 6 mánuðir voru liðnir, frá því að munnlegur málflutningur fór fram. Var málið nú dómtekið. Eigi reyndist þó unnt að dæma málið á næstu mánuðum, og 2. september 1955 veitti sjó- og verzlunardómur lögmönnum aðilja kost á að flytja málið af nýju, en þeir óskuðu þess ekki. Dómur í málinu var svo kveðinn upp 7. september 1955. Voru þá liðnir nærfellt 9 mánuðir, frá því að munnlegur málflutningur fór fram.

Ljóst er, að munnlegur málflutningur getur ekki komið að því gagni, sem til er ætlað, þegar dómsuppsaga dregst svo óhæfilega lengi. Er hér um að ræða mjög stórfellt brot á 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936, sbr. einnig 44. gr. laga nr. 112/1935. Þá er í héraðsdómi ekki tekin afstaða til þeirrar málsástæðu gagnstefnanda í héraði, að aðalstefnandi hafi kvartað og riftað of seint, en sú málsástæða hafði komið fram í hinum skriflega málflutningi. Sökum þess, sem nú hefur verið rakið, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá framlagningu áðurgreindra skjala á dómþingi 15. júní 1955 og skylda héraðsdóm til að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í Hæstarétti.

Dómsorð okkar um form málsins hljóðar því svo:

Héraðsdómur og málsmeðferð, eins og að framan greinir, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

II. Um efni málsins.

Þar sem atkvæði þetta hefur ekki náð samþykki meirihluta dómenda, munum við greiða atkvæði um efni málsins, sbr. 47. gr. laga nr. 112/1935:

Gagnáfrýjandi hefur í bréfum til aðaláfrýjanda og málflutningsmanns síns margsinnis lýst því, að það hafi verið tilætlan aðilja, að hann, þ. e. gagnáfrýjandi, léti meta roðin, áður en hann tæki við þeim úr vörzlum aðaláfrýjanda. Gagn-

áfrýjandi kveðst og hafa snemma verið hræddur um, að frá roðunum „mundi dragast einhver hluti vegna gogggata og annarra galla“, og tjáð fyrirsvarsmanni aðaláfrýjanda það í marz 1949. Ætlun sína um þetta kveðst hann hafa reist „á útkomu á roðum“, sem bróðir sinn „hafði keypt árinu áður frá hraðfrystihúsum á Ísafirði og frá Ísfelli h.f., Flateyri,“ „en sú útkoma var 25 til 30 eða jafnvel 33% gölluð roð“. Ákvæði um mat á roðunum, áður en þau voru afhent, og um afslátt vegna gallaðra roða var mjög eðlilegt um sérstæða vöru sem þessa, er seljandi framleiddi eftir sérstakri pöntun. Þrátt fyrir það þótt gagnáfrýjandi teldi, að sér bæri að láta meta roðin, og gerði ráð fyrir, að talsverður hluti þeirra kynni að vera gallaður, hófst hann eigi handa um slíkt mat fyrr en 6. september 1950. Niðurstaða matsgerða var sú, sem í atkvæði meiri hluta dómenda segir. Þegar litið er til þess, sem hér var rakið að framan, heimiluðu gallar þeir, sem á roðunum reyndust samkvæmt matsgerðinni 5. september 1952, einir út af fyrir sig, gagnáfrýjanda eigi riftun, heldur einungis afslátt af kaupverði. En nú fólst í fiskimatsvottorði því, sem starfsmaður aðaláfrýjanda gaf hinn 30. nóvember 1948 og gagnáfrýjanda barst 5. desember 1949, blekking um gæði vörunnar. Af þessari blekkingu leiddi, að gagnáfrýjanda var rétt að rifta kaupin, sbr. 43. gr. laga nr. 39/1922, og að riftunarheimild hans hélzt, þrátt fyrir drátt af hans hendi að bera hana fyrir sig, sbr. niðurlagsákvæði 54. gr. laga nr. 39/1922.

Með framangreindum athugasemdum erum við samþykkir hæstaréttardóminum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. september 1955.

Mál þetta, sem var dómtekið 2. þ. m., hefir Helgi Guðmundsson bakarameistari á Ísafirði höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 16. apríl 1952, gegn Ísfelli h.f., Flateyri, og haft uppi þessar kröfur.

I. 1. Að því verði slegið föstu með dómi, að stefndi hafi ekki innt af hendi á lögmætan, fullnægjandi hátt þátt sinn í forsamningi að roðakaupum milli aðilja 1948.

2. Til vara, að því verði slegið föstu, að stefnandi hafi haft

lögmæta ástæðu til þess að rifta þeim kaupum, ef rétturinn telur, að kaup hafi gerzt með aðiljum.

II. 1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 90.225.99 í skaðabætur auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1952 til greiðsludags.

2. Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðra, lægri fjárhæð í skaðabætur, að mati dómsins, með vöxtum eins og segir í 1. lið.

III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt reikningi eða að mati réttarins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar. Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 24. júní 1952, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 47.850.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1951 til greiðsludags, 1/3% þóknun af kr. 35.000.00, kr. 70.00 í stimpilgjald svo og málskostnað að mati dómsins. Kröfur gagnstefnanda í báðum sökum eru bundnar því, að hann afhendi gagnstefnda umsamin hlýra- og steinbítsroð.

Gagnstefndi hefur krafizt aðallega sýknu og málskostnaðar í gagnsökinni, en til vara, að krafa gagnstefnanda verði lækkuð um kr. 23.549.75 og til þrautavara, að hún lækki um kr. 19.067.24.

Mál þetta var flutt úr bæjarþinginu fyrir sjó- og verzlunar-dóminn 8. desember 1954.

Málavextir eru þessir:

Í ársbyrjun 1948 falaði aðalstefnandi til kaups hjá aðalstefnda steinbíts- og hlýraroð. Hann kvaðst vilja greiða kr. 1.00 fyrir hverja steinbítsroðssiðu, er næmi 70 sentimetra lengd, en kr. 0.85 fyrir síðu, en væri 60—70 sentimetra á lengd, og kr. 3.00 fyrir **heilt hlýraroð, er næmi 60 sentimetrum**. Roðin skyldu vera heil og enginn fiskur í þeim. Ekki var rætt um ákveðið magn né afhendingarstað eða tíma. Aðalstefndi átti engin roð, þegar þetta gerðist, en aðiljar virðast hafa gert ráð fyrir, að aðalstefnandi fengi roð af þeim fiski, sem veiddur yrði á komandi vertíð. Eftir þetta samtal, sem átti sér stað símleiðis milli aðalstefnanda og framkvæmdastjóra gagnstefnanda, gerði aðalstefnandi ráð fyrir, að hann fengi roð hjá gagnstefnanda, en samt kveður hann framkvæmdastjórann ekki hafa gefið ákveðið loforð um söluina í í þessu fyrsta samtali né heldur næst, er þeir áttu tal saman, en það var í júnímánuði 1948. Framkvæmdastjóri gagnstefnanda kveðst hins vegar hafa samþykkt pöntun aðalstefnanda þegar í upphafi. Í ágúst og september áttu aðalstefnandi og framkvæmdastjórinn enn tal saman, og hermir aðalstefnandi, að þá fyrst hafi

hann fengið ákveðin svör um það, að honum yrðu seld roðin. Um þessar mundir greiddi hann og kr. 50.000.00 upp í andvirði roðanna, en framkvæmdastjórinn taldi þau rösklega 100.000 talsins og kvað kaupverðið nema kr. 107.637.50. Virðist aðiljum ekki hafa farið neitt á milli fyrr en í marzmánuði 1949, er framkvæmdastjóri aðalstefnda krafði aðalstefnanda um eftirstöðvar andvirðisins. Varð þá að samkomulagi, að aðalstefnandi gaf út eigin víxil, að fjárhæð kr. 50.000.00. Skýrir aðalstefnandi svo frá, að hann hafi tjáð framkvæmdastjóranum, að hann vildi síður inna af hendi svo háa greiðslu, fyrr en séð væri, hvort svo mikið roðamagn, ógallað, væri fyrir hendi, en framkvæmdastjórinn hafi sagt, að til væri matsvottorð, er sýndi þetta. Framkvæmdastjórinn hefur skýrt svo frá, að ekki hafi verið minnst á það, að roðin kynnu að vera gölluð, en hins vegar hafi hann lofað að senda aðalstefnanda matsvottorðið, og kveðst hann hafa gert það skömmu síðar. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa fengið neitt vottorð, áður en framangreindur víxill féll í gjalddaga hinn 1. júlí 1949, og greiddi hann víxilin ekki, en tjáði framkvæmdastjóranum, er þeir hittust í septembermánuði, að hann myndi ekkert greiða af víxlinum, fyrr en hann fengi í hendur matsvottorðið sem tryggingu þess, að roðin væru samkvæmt samningum aðilja. Framkvæmdastjórinn kvaðst þegar hafa sent vottorð þetta, en féllst á að senda annað eintak þess svo og að stöðva innheimtu víxilsins að svo stöddu. Vottorðið kveðst aðalstefnandi hafa fengið hinn 5. des. 1949, og er það svohljóðandi:

„Undirritaður fiskimatsmaður hefur metið steinbítsroð fyrir Ísfell h.f., Flateyri, samkvæmt útgefnum lista frá Haftúna h.f. og Fiskroð h.f., Reykjavík. Reyndist þetta vera 93750 síður steinbítsroð nr. 1 og 20500 síður nr. 2 og ennfremur 825 stykki heil hlýraroð. Öll litu roðin vel út og reyndust góð vara.

Flateyri, 30. nóvember 1948.

Sveinn Kr. Jónsson“.

Aðalstefnandi skýrir svo frá, að sér hafi þótt vottorðið tortryggilegt, bæði dagsetningin og ýmislegt í efni þess, og loks hafi vottorðsgefandinn verið starfsmaður aðalstefnda. Fór hann því á leit við framkvæmdastjóra aðalstefnda, að fresta mætti öllum greiðslum samkvæmt fyrrgreindum víxli, þar til óvilhallir menn hefðu skoðað og metið roðin. Samþykki fékkst ekki til þessa, og greiddi aðalstefnandi afborgun af víxlinum í marz og september 1950, samtals kr. 15.000.00, auk vaxta, stimpilgjalds og innheimtulauna. Um haustið lét aðalstefnandi dómkveðja þrjá menn til að meta roðin, er voru enn í vörzlu aðalstefnda, og fór

matið fram dagana 6.—16. nóv. 1950. Var það framkvæmt þannig, að matsmenn opnuðu 24 pakka, sem allir höfðu verið merktir I og voru sagðir geyma 250 roð, 70 sentimetra löng. Skoðun matsmanna leiddi í ljós, að roðafjöldinn í pökkum þessum var 5954, en þeir köstuðu frá 3921 ýmist vegna galla eða vegna þess, að þau náðu ekki 60 sentimetra lengd. Roð þau, sem mældust 70 sm og þar yfir, töldust 1018, en roð af stærðinni 60—70 sm voru 1015. Matsmenn álitu, að roðin hefðu verið nægilega söltuð og þolað geymsluna vel, en þau væru hins vegar mikið böggluð og samanbrotin, og einnig að mikið slor hafi verið á þeim svo og nokkuð af fiski innan í þeim, en ekki töldu þeir það til galla, svo að til úrkasts kæmi.

Þegar er aðalstefnanda var kunnugt um niðurstöðu matsins, skrifaði hann aðalstefnda bréf, dagsett 19. des. 1950, og tilkynnti, að hann teldi vöruna algerlega ósamningshæfa og geymdi sér rétt til að rifta kaupunum og krefja aðalstefnda um endurgreiðslu kaupverðsins auk kostnaðar. Aðalstefndi svaraði með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1951, og taldi matsgerðina og tilkynningu aðalstefnanda sér óviðkomandi, þar eð hann hefði keypt roðin á árinu 1948 og þau síðan verið í hans ábyrgð. Jafnframt skoraði aðalstefndi á hann að greiða eftirstöðvar kaupverðsins. Aðalstefnandi fékk þá hæstaréttarlögmenn í Reykjavík til að annast riftun á roðakaupunum og endurheimtu kaupverðsins og tilkynnti aðalstefnda þá ráðstöfun í bréfi, dags. 30. marz 1951. Hinn 21. s. m. kröfðu lögmenn aðalstefnanda aðalstefnda um endurgreiðslu, og var mál þetta síðan höfðað, eins og fyrr var lýst.

Aðalstefnandi hefur, eins og fyrr var dregið á, haldið því fram, að aðalstefndi hafi ekki samþykkt roðapöntun hans fyrr en í september 1948. Er hann átti tal við framkvæmdastjóra aðalstefnda í júnímánuði það ár, afhenti hann prentuð fyrirmæli um verkun, ásigkomulag og pökkun roða, en þau fyrirmæli voru prentuð í sama mánuði. Svipuð fyrirmæli höfðu verið prentuð í marz 1947, og taldi aðalstefnandi sér kunnugt, að aðalstefndi hefði á því ári verkað roð samkvæmt þeim og selt til Reykjavíkur. Aðalstefnandi telur því, að aðalstefnda hafi átt að vera það fullkomlega ljóst, að það væri ákvörðunarástæða aðalstefnanda fyrir kaupunum, að roðin væru góð vara og gallalaus og að verkun þeirra og umbúnaður væri í samræmi við hin prentuðu fyrirmæli frá 1948. Nú sé það ljóst, að roðin hafi aldrei verið samningshæf, þrátt fyrir ítrekaðar fullyrðingar framkvæmdastjóra aðalstefnda í þá átt, og sýni það, að aðalstefndi hafi ekki á lögmætan hátt innt af hendi eða fullnægt þætti sínum í forsamningi

aðilja um roðakaupin. Telur aðalstefnandi því sýnt, að kaup hafi aldrei gerzt með aðiljum.

Aðalstefnandi lítur svo á, að þótt talið yrði, að kaup hafi verið á komin, hafi hann átt rétt á að rifta þeim. Styður hann þá staðhæfingu sína þeim rökum, að með mati sé sýnt fram á, að vara sú, sem aðalstefndi vildi afhenda honum, sé svo verulega gölluð í öllum aðalatriðum, að hún sé í engu samræmi við þær kröfur, er hann setti fram í upphafi, og því síður í samræmi við hin prentuðu fyrirmæli, er fyrr getur.

Bótakrafa aðalstefnanda er þessi í aðalatriðum:

1. Peningagreiðslur upp í kaupverðið	kr. 65.000.00
2. Innheimtulaun af fyrrnefndum vixli	— 1.840.00
3. Stimpilgjöld og vextir til 1. apríl 1952 af vixli og peningagreiðslum	— 16.866.85
4. Þóknun til matsmanna	— 2.521.56
5. Símakostnaður	— 470.10
6. Greitt vegna ferðar eins matsmannanna	— 2.862.46
7. Greitt fyrir lögfræðiaðstoð	— 150.00
8. Ferðakostnaður	— 250.00
9. Vextir af 4., 7. og 8. lið til 1. apríl 1952	— 265.02

Samtals kr. 90.225.99

Aðalstefndi staðhæfir, að pöntun aðalstefnanda í upphafi, sú er fram fór í samtali í ársbyrjun 1948, hafi verið samþykkt og kaup þar með á komin um það roðamagn, sem til félli á næstu vertíð. Fiskurinn hafi verið veiddur á tímabilinu febrúar-júní 1948 og verkun roðanna því lokið, þegar prentuð voru fyrirmælin, er fyrr getur. Þetta hafi aðalstefnanda verið bent á, þegar hann afhenti fyrirmælin, og honum jafnframt tjáð, að ekki væri það loforð af hálfu aðalstefnda, að roðin fullnægðu þessum fyrirmælum, þótt það væri líklegt, en sjálfur gæti hann skoðað roðin. Telur aðalstefndi, að roðin hafi síðan verið í ábyrgð aðalstefnanda og að matsgerðin sé sér óviðkomandi.

Kröfur sínar í gagnsök reisir gagnstefnandi á vottorði Sveins Kr. Jónssonar, dagsettu 30. nóvember 1948, um roðamagnið og telur andvirði roðanna nema kr. 113.650.00. Hann kveður gagnstefnda hafa greitt upp í það kr. 65.800 og krefst því dóms um eftirstöðvarnar, kr. 47.850.00, auk vaxta svo og þóknunar af eftirstöðvum vixilsins, stimpilsgjalds af sama og málskostnaðar.

Sýknukröfuna í gagnsök rökstyður gagnstefndi með vísan til málsskýringa sinna í aðalsök.

Í maímánuði 1951 hafði gagnstefnandi látið dómkveðja fjóra menn til að framkvæma yfirmat á roðunum. Vegna ágreinings aðilja og matsmanna og matsdómara um tilhögun yfirmatsins fór það aldrei fram, og var hætt við að framkvæma yfirmat, en í þess stað fékk gagnstefnandi dómkvadda tvo menn til þess að meta öll roðin. Hinir fyrri matsmenn höfðu aðeins skoðað hluta af magninu, eins og fyrr segir. Hin síðari matsgerð fór fram á tímabilinu frá 6. júní til 2. september 1952, og varð niðurstaðan sú, að steinbítsroð, er náðu 70 sm lengd og þar yfir, voru að tölu 61.250, en roð, er náðu 60—70 sm lengd, 38.500. Þótt roð væri gallað, töldu matsmenn það tækt í fyrri flokkinn, ef 70 sm voru milli galla, og síðari flokkinn, ef 60 sm voru milli galla. Matsmenn merktu sérmerki 12 pakka, þ. e. 3000 roð af fyrri flokknum, er þeir töldu nothæf, þótt örlítið gölluð yrðu að teljast eftir fyrirmælum frá 1948, og sömu aðferð höfðu þeir við 7 pakka, þ. e. 1750 roð af síðari flokknum. Hlýraroð töldu matsmenn svo: Í 1. flokki 176 roð (stakar síður), kápuflegin roð 27 og í 2. flokki 104 kápuflegin roð.

Gagnstefndi byggir varakröfur sínar í gagnsökinni á þessari matsgerð. Fyrri varakrafan er byggð á því, að honum sé óskýlt að taka við og greiða framangreinda sérmerktu pakka, 12 í fyrri flokki og 7 í síðari flokki.

Andvirði steinbítsroða verði því kr.	89.487.50
og andvirði hlýraroða	— 607.25

Samtals kr. 90.095.25

Í stað kr. 113.650.00, eins og gagnstefnandi krefst. Síðari varakrafan byggist á því, að andvirði heildarmagns roðanna samkvæmt matsgerðinni sé kr. 94.582.75.

Telja verður þrátt fyrir vefenging aðalstefnanda, að hann hafi þegar í ársbyrjun 1948 skuldbundið sig til að kaupa af aðalstefnda það roðamagn, sem til kynni að verða á komandi vertíð, svo fremi þau fullnægðu þeim skilyrðum, sem hann setti um verkun þeirra og frágang í símtali sínu við framkvæmdastjóra aðalstefnda þá. Aðalstefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að hann hafi þá haft fyrir framan sig fyrirmæli um verkun á roðum, dags. 4/3 1947, og tekið upp úr þeim þau skilyrði, er hann setti aðalstefnda, sem hafði árið áður verkað roð og selt til Reykjavíkur. Er hann ítrekaði pöntun sína í júnímánuði 1948, afhenti hann framkvæmdastjóra aðalstefnda fyrirmæli um sama efni, gefin út í þeim

mánuði af fyrirtækjunum Haftúna h/f og Fiskroð h/f, en hvor tveggja þessara fyrirmæla eru samhljóða í aðalatriðum um gæði roðanna. Munar á þeim sem næst eingöngu um verð roða og lengdarmál. Verður ekki séð, að framkvæmdastjóri aðalstefnda hafi brugðizt þannig við, er hann tók við fyrirmælunum, að aðalstefnandi hafi haft ástæðu til að ætla annað en að roð þau, sem honum væru ætluð, fullnægðu kröfum fyrirmælanna um gæði og stærð, jafnvel þótt honum hafi verið tjáð, að þau væru þá þegar verkuð og pökkuð. Vottorð Sveins Kr. Jónssonar frá 30. nóvember 1948 ber það og með sér, að margnefnd fyrirmæli frá 1948 hafi verið talin gilda um þessi viðskipti.

Aðiljar hafa báðir lagt mikla áherzlu á vottorð Sveins Kr. Jónssonar fiskimatsmanns og telja það í rauninni grundvöll þann, sem kaupin voru gerð á. Eftir að mál þetta var fyrst dómtekið, þótti bresta á um skýringar á því, hversu miklu munaði um magn og flokkun roðanna samkvæmt vottorði þessu annars vegar og matsgerðunum báðum hins vegar, og var því hlutast til um, að fiskimatsmaðurinn kæmi fyrir dóm og gæfi nánari skýringar. Lýsti hann þá yfir því, að hann hefði ekki metið roð þau, sem um ræðir í vottorði hans, þótt svo segi í vottorðinu sjálfu, heldur hafi hann aðeins látið telja roðin og búa um þau í pökkun. Fyrirmælin frá 1948 kvaðst hann ekki hafa séð fyrr en í júní eða júlí það ár, og þá hafi verið búið að telja og pakka nokkuð af roðunum, en ekki vissi hann, hve mikið magn það var. Ummælin í niðurlagi vottorðsins, „öll roðin litu vel út og reyndust góð vara“, kvað hann byggð á því, að hann hafi gert ráð fyrir, að svo væri, enda þótt hann væri ekki viss um það og hefði ekki skoðað öll roðin.

Framangreint vottorð, sem eins og fyrr var greint, átti að vera grundvöllur undir viðskiptum aðilja, hefur því reynzt marklaust, og matsgerðin, sú er fram fór í nóvember 1950, leiddi í ljós, að minnsta kosti á þeim sýnishornum, sem skoðuð voru, að roðunum var að verulegu leyti áfátt, bæði að því er varðaði gæði flokkun og frágang. Ekki sést, að aðalstefndi hafi boðizt til að bæta þessa galla á nokkurn hátt, og verður því að líta svo á, með vísun til alls, sem að framan hefur verið rakið, að aðalstefnanda hafi verið rétt að rifta kaupunum, og verður krafa hans að því leyti til greina tekin.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að dæma aðalstefnda til endurgreiðslu á því fé, sem aðalstefnandi hefur greitt upp í kaupverð roðanna, kr. 65.000.00. Um aðra liði í bótakröfu stefnda er það að segja, að 2. liður, innheimtulaun, kr. 1840.00, virðist ekki

standa í slíku sambandi við riftun kaupanna, að unnt sé að taka hann til greina, en 4.—8. liður, að báðum meðtöldum, eru í eðli sínu málskostnaður, og verður tekið tillit til þeirra við ákvörðun málskostnaðar í máli þessu. Loks þykja ekki efni til að taka til greina kröfu aðalstefnanda um vexti fyrr en frá útgáfudegi stefnu.

Úrslit aðalsakar verða samkvæmt framanrituðu þau, að viðurkennd verður heimild aðalstefnanda til riftunar kaupsamningi aðilja, er að framan greinir, og að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 65.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1952 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Í gagnsök ber með vísan til framanritaðs að sýkna gagnstefnda af öllum kröfum gagnstefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn hafa uppkveðið Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og Karl Bjarnason erindreki.

Dómsorð:

Í aðalsök er viðurkennd heimild aðalstefnanda, Helga Guðmundssonar, til riftunar á framangreindum kaupsamningi aðilja.

Aðalstefndi, Ísfell h/f, greiði aðalstefnanda kr. 65.000.00 með 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1952 til greiðsludags og kr. 9000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.